

26. febrúar 2026

Fréttatilkynning: Afkoma Sýnar hf. á fjórða ársfjórðungi og á árinu 2025.

Sterkur fjórði ársfjórðungur eftir umbreytingaár

Ársreikningur Sýnar hf. fyrir árið 2025 var samþykktur á stjórnarfundi þann 26. febrúar 2026

Helstu niðurstöður í rekstri á fjórða ársfjórðungi 2025:

Heildartekjur á fjórða ársfjórðungi (4F) 2025 námu 6.073 m.kr. og hækka um 6% milli ára (4F 2024: 5.731 m.kr.).

EBITDAaL nam 1.339 m.kr. á fjórðungnum og jókst um 32,3% milli ára. Fjárfestingar námu 1.048 m.kr. og var EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum var jákvætt um 291 m.kr. samanborið við 194 m.kr. á 4F 2024.

Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 384 m.kr. á fjórðungnum og jókst um 88% milli ára, leiðrétt fyrir virðisrýrnun sem féll til á samanburðartímabilinu.

Hagnaður eftir skatta nam 122 m.kr. á fjórðungnum. Á samanburðartímabilinu nam tap 1.194 m.kr., en leiðrétt fyrir virðisrýrnun var tapið 33 m.kr.

Hrein fjármagnsgjöld á fjórðungnum námu 327 m.kr. og hækka um 6,1% milli ára.

Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri:

„Árið 2025 var umbreytingarár hjá Sýn sem markaði ákveðin tímamót hjá félaginu. Við tókum stefnumótandi ákvarðanir sem renna styrkari stoðum undir reksturinn og móta fyrirtækið til lengri tíma litið.

Ráðist var í umfangsmikla endurmörkun þar sem vörumerkin Stöð 2 og Vodafone sameinuðust undir merkjum Sýnar. Endurmörkunin vakti mikla athygli á markaði og jókst vörumerkjavitund almennings hratt ásamt því að Sýn var tilnefnt sem Besta íslenska vörumerkið. Nýtt og einfaldara vöruframboð, þar sem fjarskipti og sjónvarp eru vöndluð saman, fékk góðar viðtökur á markaði. Heimatengingum fjölgaði um 7% á milli ára og hafa aldrei fleiri verið með farsímaáskrift hjá Sýn.

Við tryggðum okkur á ný sýningarrétt á Enska boltanum og héldum áfram metnaðarfullri íslenskri dagskrárgerð sem hefur skilað sér meðal annars í 48% aukningu í áhorfi á fjórða ársfjórðungi hjá 12–80 ára samanborið við sama tímabil í fyrra. Einnig var SÝN+ sigursælasta einkarekna sjónvarpsveitan á íslensku sjónvarpsverðlaununum sem afhent voru á árinu. Á sama tíma skapaði ákvörðun Fjarskiptastofu um kvöð á dreifingu línulegrar sjónvarpsdagskrár, um kerfi markaðsráðandi samkeppnisaðila, aukna óvissu um forsendur aðgreiningar á markaði. Nýlega var gert samkomulag um heildsölu og dreifingu á sjónvarpsefni og er óvissa í því máli ekki lengur til staðar.

Á árinu kláruðum við sölu fjarskiptainnviða til Sendafélagsins eftir umfangsmikla undirbúningsvinnu í samstarfi við Nova og sameinuðum dótturfélögin Njálu, Já og Endor inn í rekstur Sýnar til að einfalda skipulag og auka rekstrarsamlegð.

Mikilvægum áfanga var náð þegar við kláruðum innleiðingu á nýjum ferlum og fjárhagskerfi sem gerðu okkur kleift að ráðast í ítarlegri starfsþáttagreiningu. Það veitir okkur skýrari sýn á afkomu allra rekstrareininga félagsins og leggur grunn að markvissum aðgerðum í hagræðingu og endurskipulagningu.

Þrátt fyrir krefjandi aðstæður sýna niðurstöður fjórða ársfjórðungs að aðgerðir ársins eru að skila árangri. Við stöndum því á traustari grunni og förum inn í næsta tímabil með einfaldari rekstrargrunn, skýrari stefnu og aukna getu til að skapa sjálfbæran og arðbæran vöxt.

Helstu niðurstöður í rekstri árið 2025

Tekjuskipting (m.kr.)	4F 2025	4F 2024	Br.	Br. %	2025	2024	Br.	Br. %
Internet	1.286	1.194	92	7,7%	5.040	4.686	353	7,5%
Farsími	1.058	947	111	11,7%	4.050	3.856	194	5,0%
IoT	57	113	-56	-49,7%	288	479	-192	-40,0%
Fastlína	105	106	-1	-0,7%	435	419	16	3,9%
Fjölmiðlun	1.932	1.591	340	21,4%	6.902	6.610	292	4,4%
Auglýsingasala	957	883	73	8,3%	2.964	2.963	1	0,0%
Vörusala	299	296	3	0,9%	948	1.096	-148	-13,5%
Hýsingar- og rekstrarlausnir	59	187	-128	-68,4%	364	484	-120	-24,9%
Aðrar tekjur	321	413	-92	-22,2%	990	1.053	-63	-6,0%
Samtals	6.073	5.731	342	6,0%	21.981	21.647	333	1,5%

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2025 námu 21.981 m.kr. samanborið við 21.647 m.kr. á fyrra ári og hækkuðu um 1,5%. Tekjur af interneti jukust um 7,5% sem skýrist meðal annars af fjölgun viðskiptavina. Fjölmiðlatekjur hækka um 4,4% milli ára. Auglýsingatekjur standa í stað milli ára. Áskriftartekjur í sjónvarpi hækka um 9,4%. Farsímatekjur hækka um 5,0%. Tekjur af farsímaáskriftum eru í góðum vexti og jukust um 10,9% milli ára. Á móti drógust tekjur af IoT saman um 192 m.kr. (-40,0%) milli ára. Þá drógust tekjur af hýsingar- og rekstrarlausnum saman um 120 m.kr. (-24,9%), vörusala minnkaði um 148 m.kr. (-13,5%) og aðrar tekjur lækkuðu um 63 m.kr. (-6,0%)

Rekstrarreikningur að EBITDAaL (m.kr.)	4F 2025	4F 2024	Br.	Br. %	2025	2024	Br.	Br. %
Tekjur	6.073	5.731	342	6,0%	21.981	21.647	333	1,5%
KSV&þ	-2.282	-2.302	20	-0,9%	-8.903	-8.702	-201	2,3%
Laun og launatengd gjöld	-1.588	-1.652	63	-3,8%	-6.200	-6.244	44	-0,7%
Annar rekstrarkostnaður	-551	-516	-35	6,8%	-2.171	-2.080	-91	4,4%
Rekstrarkostnaður	-4.422	-4.470	48	-1,1%	-17.274	-17.026	-248	1,5%
EBITDA	1.652	1.261	391	31,0%	4.707	4.620	87	1,9%
Hreinar leigugreiðslur	-313	-249	-64	25,7%	-1.250	-1.312	62	-4,7%
EBITDAaL	1.339	1.012	328	32,4%	3.456	3.309	147	4,4%
Fjárfestingar	-1.048	-819	-229	28,0%	-3.150	-3.937	787	-20,0%
EBITDAaL - fjárfestingar	291	194	98	50,3%	306	-628	934	-

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu á árinu 2025 nam 8.903 m.kr. og jókst um 2,3% milli ára (2024: 8.702 m.kr.). Stórir kostnaðarliðir eru bundnir við vísitölu, en hækkunin er engu að síður hófleg í ljósi aukinna umsvifa og fjölgunar viðskiptavina í fjarskiptum. Þróunin endurspeglar áframhaldandi sterka kostnaðarvitund í félaginu.

Laun og launatengd gjöld námu 6.200 m.kr. á árinu 2025 og drógust saman um 0,7% milli ára (2024: 6.244 m.kr.). Eignfærður launakostnaður lækkaði um 134 m.kr. milli ára. Þá var gjaldfærður kostnaður vegna kaupréttar um 36 m.kr. á árinu samanborið við 3 m.kr. í fyrra en Sýn hóf að veita starfsfólki sínu kauprétti á 4. ársfjórðungi 2024.

Annar rekstrarkostnaður ársins nam 2.171 m.kr. samanborið við 2.080 m.kr. á sama tímabili í fyrra og jókst um 4,4% milli ára. Skýrist hækkun meðal annars af aukinni aðkeyptri þjónustu í kringum endurmörkun félagsins og hlutfallslega minni eignfærslu á þeirri þjónustu en á fyrra ári.

EBITDA hækkaði um 1,9% milli ára og nam 4.707 m.kr. (2024: 4.620 m.kr.).

Hreinar leigugreiðslur námu 1.250 m.kr. og lækkuðu um 4,7% milli ára. Lækkunin skýrist af leigusamningum tengdum Endor sem runnu sitt skeið á árinu.

EBITDAaL nam 3.456 m.kr. á árinu, samanborið við 3.309 m.kr. árið 2024 og hækkar um 4,4%.

EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum nam 306 m.kr. á árinu samanborið við -628 m.kr. árið 2024 og batnaði því um 934 m.kr. milli ára, sem má einkum rekja til minni fjárfestinga auk bættrar rekstrarafkomu.

Rekstrarreikningur frá EBITDAaL (m.kr.)	4F 2025	4F 2024	Br.	Br. %	2025	2024	Br.	Br. %
EBITDA	1.652	1.261	391	31,0%	4.707	4.620	87	1,9%
Afskriftir í rekstri	-1.021	-747	-274	36,7%	-3.488	-3.139	-348	11,1%
Afskriftir vörumerkja og viðskiptasambanda	-81	-65	-16	24,4%	-237	-219	-17	7,9%
Afskriftir leigueigna	-167	-245	79	-32,0%	-672	-759	87	-11,5%
Virðisrýmun viðskiptavildar	0	-1.161	1.161	-	0	-1.161	1.161	-
Afskriftir samtals	-1.268	-2.218	950	-42,8%	-4.395	-5.278	884	-16,7%
EBIT	384	-957	1.341	-	312	-657	969	-
Fjármagnsliðir	-327	-308	-19	6,1%	-1.215	-1.290	75	-5,8%
Áhrif hlutdeildarféлага	2	2	0	-3,4%	7	7	0	5,8%
Hagnaður/Tap fyrir skatta	59	-1.263	1.322	-	-895	-1.940	1.045	-53,9%
Skattar	63	68	-5	-7,1%	262	261	1	0,2%
Afkoma af aflagðri starfsemi	0	0	-	-	0	161	-	-
Hagnaður/Tap eftir skatta	122	-1.194	1.316	-	-634	-1.518	885	-58,3%

Afskriftir í rekstri námu samtals 3.488 m.kr. og jukust um 11,1%, einkum vegna aukinna afskrifta á sýningarréttum á seinni hluta ársins.

Afskriftir vegna vörumerkja og viðskiptasambanda námu 237 m.kr. og hækka um 7,9% milli ára.

Afskriftir leigueigna námu 672 m.kr. og lækka um 11,5% milli ára (2024: 759 m.kr.).

Heildarafskriftir á tímabilinu námu 4.395 m.kr. og jukust um 6,8% (2024: 4.117 m.kr.), leiðrétt fyrir virðisrýrnun ársins 2024.

Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 312 m.kr. á árinu, samanborið við 657 m.kr. rekstrartap árið áður. Leiðrétt fyrir virðisrýrnun nam rekstrarhagnaður 504 m.kr. árið áður. Lækkun á undirliggjandi EBIT milli ára skýrist einkum af auknum afskriftum vegna sýningarrétta á seinni hluta ársins.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 1.215 m.kr., samanborið við 1.290 m.kr. í fyrra, sem er 5,8% lækkun milli ára.

Hagnaður eftir skatta var neikvæður um 634 m.kr. á árinu, samanborið við 1.518 m.kr. tap árið áður. Á samanburðarárinu höfðu virðisrýrnun og afkoma af aflagðri starfsemi veruleg áhrif á niðurstöðuna.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	2025	2024	Br.	Br. %
Tap tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi	-634	-1.518	884	-58%
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi	5.321	6.122	-801	-13%
Veltufé frá rekstri	4.687	4.605	82	2%
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	-210	880	-1.090	-124%
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	4.477	5.485	-1.008	-18%
Hrein greidd vaxtagjöld	-1.243	-1.312	69	-5%
Handbært fé frá rekstri	3.235	4.173	-938	-22%


Veltufé frá rekstri nam 4.687 m.kr. og var sambærilegt við fyrra ár (2024: 4.605 m.kr.). Handbært fé frá rekstri nam 3.235 m.kr. samanborið við 4.173 m.kr. árið 2024. Lækkunin skýrist að stórum hluta af því að á árinu 2024 innheimtist 2.000 m.kr. viðskiptakrafa á ljósleiðarann vegna sölu á stofnneti sem jók handbært fé frá rekstri það ár verulega, en á móti voru greiddar niður viðskiptaskuldir.

Fjárfestingarhreyfingar	2025	2024	Br.	Br. %
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	-399	-714	315	-44%
Fjárfestingar í óefnislegum eignum	-541	-1.015	474	-47%
Fjárfestingar í sýningarréttum	-2.210	-2.208	-2	0%
Fjárfestingar	-3.150	-3.937	787	-20%
Sala eignarhluta	0	100	-100	-
Lækkun á handbæru fé tengt aflagðri starfsemi	0	-64	64	-
Mótekinn arður	7	0	7	-
Handbært fé fært út v. Sendafélags	-15	0	-15	-
Fjárfestingahreyfingar samtals	-3.158	-3.901	743	-19%

Fjárfestingar námu 3.150 m.kr. samanborið við 3.937 m.kr. árið áður og lækkuðu um 787 m.kr. milli ára. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum lækka um 44% milli ára þar sem fjárfestingapörf í fjarskiptainnvíðum var minni á árinu, m.a. vegna Sendafélagsins. Stóru innleiðingarverkefni á hugbúnaði lauk árið 2024 sem skýrir að mestu leyti lækkun í fjárfestingum á óefnislegum eignum. Fjárfestingar í sýningarréttum námu 2.210 m.kr. og voru sambærilegar við fyrra ár. Á seinni hluta ársins 2025 hóf Sýn útsendingar Enska boltans á ný og endurspeglar tölur ársins því hluta samningstímabilsins. Heildarfjárfesting í sýningarréttum var þó óbreytt milli ára, sem endurspeglar forgangsroðun og aðlögun í öðrum sýningarréttum á tímabilinu.

Fjármögnunargreifingar	2025	2024	Br.	Br. %
Keyptir eigin hlutir	0	-76	76	-100%
Afborganir vaxtaberandi skulda	-338	-338	0	0%
Rekstrarlán, breyting	751	475	276	58%
Afborgun leiguskuldbindinga	-648	-690	42	-6%
Fjármögnunargreifingar samtals	-234	-628	394	-63%

Afborganir vaxtaberandi skulda námu 338 m.kr. á árinu og breyting á rekstrarlánnum nam 751 m.kr. samanborið við 475 m.kr. í fyrra. Afborgun leiguskuldbindinga nam 648 m.kr. á árinu og lækkar um 42 m.kr. frá fyrra ári og skýrist af því að hluti af leigusamningum tengdum Endor hafa runnið sitt skeið.



Þegar tekið er tillit til rekstrarsjóðstreymis, fjárfestinga og breytinga á skuldum nam handbætt fé í lok árs 107 m.kr. Í árslok var jafnframt til staðar krafa á Sendafélagið að fjárhæð 1.024 m.kr. sem tengist uppgjöri vegna innviðasölu og var hún greidd í janúar 2026.

Efnahagur 31. desember 2025:

Efnahagsreikningur	31.12.2025	31.12.2024	Br.	Br. %
Fastafjármunir	23.280	24.374	-1.094	-4%
Veltufjármunir	7.582	6.676	906	14%
Eignir samtals	30.862	31.050	-188	-1%
			0	
Eigið fé	8.050	8.652	-602	-7%
Langtímaskuldir	15.615	15.741	-126	-1%
Skammtímaskuldir	7.197	6.657	540	8%
Skuldir samtals	22.812	22.398	414	2%
Eigið fé og skuldir samtals	30.862	31.050	-189	-1%
Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	6.690	6.116	574	9%
Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingu	19.097	18.373	724	4%

Heildareignir félagsins í lok árs 2025 námu 30.862 m.kr. samanborið við 31.050 m.kr. í lok árs 2024. Eigið fé í lok árs 2025 nam 8.050 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 26,1%. Hreinar vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga námu 6.690 m.kr. í lok árs en voru 6.116 m.kr. í lok árs 2024. Hreinar vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingum námu 19.097 m.kr. í lok árs 2025 og hækka um 724 m.kr. frá árslokum 2024.

Horfur og afkomuspá

Á árinu 2025 lauk umfangsmiklum breytingum á uppbyggingu og rekstrarumhverfi félagsins. Sameining vörumerkja undir merki Sýnar og innleiðing einfaldara vöruframboðs hafa styrkt markaðsstöðu félagsins og samskipti við viðskiptavini.

Jafnframt lauk lagalegum samruna félaga innan samstæðunnar sem leiðir til einfaldara eignarhalds og aukinnar rekstrarsamlegðar.

Framsali farnetsdreifikerfa til Sendafélagsins lauk í lok árs 2025 og rekstur hófst á nýjum grundvelli í byrjun árs 2026. Í kjölfar endurfjármögnunar Sendafélagsins hefur hluthafalán verið að stórum hluta endurgreitt, sem hefur lækkað skuldir og styrkt lausafjárstöðu Sýnar. Með þessu verður rekstur innviða einfaldari, fjárfestingaþörf léttari og áhrif Sendafélagsins færost undir hlutdeildarfélög í reikningshaldi Sýnar.

Með einfaldari rekstrargrunni, lægri fjárfestingaþörf í innviðum og áframhaldandi sterkri kostnaðarvitund eru forsendur til staðar fyrir bættri afkomu og sterkari sjóðstreymismyndun á árinu 2026.

Lykilmælikvarði félagsins er EBITDAaL að frádregnum fjárfestingum. Gert er ráð fyrir að mælikvarðinn verði á bilinu 800–1.200 m.kr. á árinu 2026. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar félagsins verði á bilinu 3.200–3.400 m.kr..

Fjárhagsdagatal:

✓ Aðalfundur 2026	26. mars 2026
✓ Afkoma 1F 2026	7. maí 2026
✓ Afkoma 2F 2026	27. ágúst 2026
✓ Afkoma 3F 2026	5. nóvember 2026
✓ Afkoma 4F og ársuppgjör 2026	18. febrúar 2027
✓ Aðalfundur 2027	19. mars 2027

Frekari upplýsingar

- Opinn kynningarfundur vegna uppgjorsins verður haldinn föstudaginn 27. febrúar kl. 8:30 í húsnæði félagsins að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Fjárfestakynning verður birt í kauphöll áður en fundurinn hefst. Vakin er athygli á að ekki verður hægt að fylgjast með fundinum í beinu streymi.
- Tekið er á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@syn.is.
- Nánari upplýsingar má nálgast á síðu fjárfestatengsla Sýnar á <https://syn.is/fjarfestatengsl> og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.